



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

Dags. fundar 20.09.23	Tími 17:00	Staður VHV - 007	Nr. fundar 8
Fundarboðandi Rakel Anna Boulter	Fundarritari Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	Dags. rituð 13.12.23	

Fundaraðilar mættir:

Félagsvísindasvið:

Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva) - *teams*
Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)
Kristmundur Pétursson (Röskva)
Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva) – *yfirgefur fund 17:50*

Heilbrigðisvísindasvið:

Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)
Daniel Thor Myer (Röskva)

Hugvísindasvið:

Guðni Thorlacius (Röskva)
Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)
Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)

Menntavísindasvið:

Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)
Alex Elí Schweitz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnudóttur Chipa (Vaka)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

María Rós Kaldalóns (Röskva) - *teams*
Davíð Ásmundsson (Röskva)

Aðrir (án atkvæðisréttar)

Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ
Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)
Gísli Laufeyjarsön Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi SHÍ
Arent Orri Jónsson
Linda Rún Jónsdóttir
Viktor Pétur Finnsson
Kjartan Sveinn Guðmundsson

Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:

Félagsvísindasvið: Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)

Heilbrigðisvísindasvið: Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)

Hugvísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Eiður Snær Unnarsson (Vaka)

Menntavísindasvið: Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 20. september 2023 í stofu HT 103

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 22. ágúst borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on June 21st.
3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:10-17:20
Announcements and issues ahead
4. Erindi til umboðsmanns Alþingis um ólögmati skrásetningagjaldanna (atkvæðagreiðsla) 17:20-17:35
An encouragement of proactive observation on the registration fee to the Alþingi ombudsman (voting)
5. Lagabreyting (atkvæðagreiðsla) 17:35-17:50
Legislative changes on SHÍ's laws (vote)
6. Umræður og tillaga að efni í herferð SHÍ (atkvæðagreiðsla) 17:50-18:05
Proposal and discussion on campaign content (voting)
7. Októberfest og Voffdaga skýrslur kynntar 18:05-18:15
Oktoberfest and Voffdays reports presented
8. Verklagsreglur SHÍ og Siða og jafnréttisreglur SHÍ (atkvæðagreiðsla) 18:25-18:40
Code of practice of the Student Council and the Student Council's Ethics and Equality rules (voting)
9. Tímalína stórra mála SHÍ – Húsnæðismál 18:40-18:55
An overview on important matters SHÍ - Housing
10. Tillaga um yfirlýsingu SHÍ varðandi Palestínu og Ísrael (atkvæðagreiðsla) 18:55-19:05
Proposal for SHÍ's statement regarding Palestine and Israel (voting)
11. Önnur mál 19:05-19:15
Other issues
12. Bókfærð mál
Recorded issues
13. Fundi slitið 19:15
Meeting ends



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 13. desember 2023 í stofu VHV-007

Agenda Student Council Meeting on December 13th 2023 in room VHV-007

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05

The President of the Student Council convenes the meeting

2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)
17:05-17:10

Vote on minutes from the Student Council meeting on November 14th

b. Atkvæðagreiðsla

i. Einróma samþykkt með 13 atkvæðum.

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:10-17:20

Announcements and issues ahead

a. Starfsemi skrifstofu:

- i. Íþróttaskóli haustannar búinn. – *Það var lokahóf sem gekk mjög vel. Stendur til að gera þetta aftur á næsta ári.*
- ii. Antibugunardagar 27. nóvember til 1. desember gengu vel. – *Forseti hafði ekkert með nafnavalið að gera. Það bara gerðist.*
- iii. Forseti fór á fund hjá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis 5. desember. – *Það sem var fjallað um var að með öllum markmiðum þurfa að fylgja með skýrar aðgerðir. Alexandra Lís fór á fund til að skerpa á þessu.*
- iv. Forseti sótti formlegan samráðsvettvang jafnréttismála á vegum forsætisráðuneytisins um hatursorðræðu 6. desember. – *Fyrirlestrar og hópaviðræður. Fróðlegt gagnlegt og skemmtilegt þrátt fyrir þungt viðfangsefni.*
- v. Alþjóðanefnd stefnir á að senda út könnun. – *Vilji til að breyta lögum varðandi atvinnuréttindi nema utan EES.*

b. Endurskoðun laga um MSNM:

- i. Niðurstaða könnunar komin í hús. *Kynntar á síðasta samráðsfundi með ráðherra þar sem að fulltrúi LÍS situr. Í fyrsta lagi megum við ekki senda niðurstöðurnar þar til að skýrslan verður opinberuð. Gísli bætir við að niðurstöður verða vonandi opinberaðar í þessari viku eða næstu. Ekkert sem kynnt hefur verið fyrir okkur nú þegar er þess eðlis að það kallar á*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sérstaklega á hörð viðbrögð SHÍ. Við erum spennt að fá skýrsluna í hendurnar og meta viðbrögðin sem hún kallar á. Við bjuggumst við töluvert ítarlegri yfirferð á skýrslunni. Við fengum grófa yfirferð svo það er enn þá óvíst hvað kemur nákvæmlega fram í þessari skýrslu.

- ii. Skýrslan verður tilbúin hvað úr hverju, forseti og varaforseti fengu kynningu á efni skýrslunnar í ráðuneytinu 7. desember.
- c. Sameiginleg skráningargátt háskólanna væntanleg í febrúar. *Það er mögulega óánægja meðal rektora hér. Ráðuneytið mun því taka verkefnið hægar. Skráningagáttin verður inn á island.is.*
- d. Sjálfbæriskýrsla HÍ komin út. – *Linkur á skýrsluna var inni í mánaðarlegum pistli.*
- e. Fulltrúarráðsfundur LÍS – Í millitíðinni hefur niðurskurður á fjárframlagi til doktorsrannsóknna verið gagnrýndur.
- f. Kristinn Jóhannesson – *Fundaði í gær. Hef þrýst á, á hverjum fundi við rektor að núna þurfi alvöru samráð og plön og að tekin sé ákvörðun svo að SHÍ geti tekið samgöngumálin fyrir á janúarfundi.*
- g. FS birtir ársreikning á heimasíðu – *Stjórn samþykkti að hafa ársreikning FS aðgengilegan á skrifstofu FS – svo að einhver geti skýrt þetta fyrir viðkomandi.*

4. Erindi til umboðsmanns Alþingis um ólögmati skrásetningagjaldanna (atkvæðagreiðsla) 17:20-17:35

*An encouragement of proactive observation on the registration fee to the Alþingi ombudsman
(voting)*

- a. Gísli fer stuttlega yfir efni erindisins
 - i. *Arent hrósar Gísla fyrir vel unnið erindi og í leiðinni bendir á mikilvægi þess að athuga að allar lágmarkskröfur um framsetningu séu 100% í lagi þar sem þetta er stórt mál og það væri leiðinlegt ef þetta félli á einhverjum formsatriðum. Arent bendir jafnframt á að efnislega er þetta heilt yfir mjög gott. Það væri þó mögulega hægt að bæta aðeins rökstuðning og nota aðeins meira krassandi fordæmi til að krydda þetta.*

Forseti kveðst munu fá ráð frá Sigurði Helga, lögmanni LUF, hvað framsetningu varðar.

Gísli þakkar Arent fyrir ábendingarnar og þeir ætla að mæla sér mót til að fara betur yfir þetta við tækifæri.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Kristmundi finnst þetta mjög vel unnið og væri spenntur ef hann væri umsjónarmaður Alþingis

b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 13 atkvæðum.

Emilía yfirgefur fund 17:50

5. Lagabreyting (atkvæðagreiðsla) 17:35-17:50

Legislative changes on SHÍ's laws (vote)

<i>Núverandi grein</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>2. gr. <i>Tilgangur Stúdentaráðs</i></p> <p>a. Stúdentaráð skal standa vörð um menningarlega og félagslega hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands og vera æðsti fulltrúi þeirra innan Háskólans og utan.</p> <p>b. Stúdentaráð skal vera þeim félögum stúdenta við Háskóla Íslands, sem annast félagslíf og hagsmunamál, til aðstoðar ef þurfa þykir. Ráðinu ber að vinna að því að félögin þjóni hlutverki sínu.</p>	<p>2. gr. <i>Tilgangur og hlutverk Stúdentaráðs</i></p> <p>a. SHÍ er hagsmuna- og réttindasamtök stúdenta við Háskóla Íslands og æðsti fulltrúi þeirra innan Háskólans og utan. Ráðið stendur vörð um hvers kyns hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands, svo sem menningarlega, félagslega og fjárhagslega hagsmuni. Hlutverk SHÍ er m.a. að koma fram fyrir hönd stúdenta við Háskóla Íslands gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þeirra.</p> <p>b. Stúdentaráð skal vera þeim félögum stúdenta við Háskóla Íslands, sem annast félagslíf og hagsmunamál, til aðstoðar ef þurfa þykir. Ráðinu ber að vinna að því að félögin þjóni hlutverki sínu.</p> <p>c. SHÍ stundar ekki atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni.</p>

a. Gísli fer yfir lagabreytinguna.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- i. *Arent Orri veltir því fyrir sér hvort það sé ónauðsynlegt að hafa C-liðinn þarna inni og hvort það opni jafnvel á frekari vandræði þar sem Októberfest er rekið í hagnaðarskyni.*

Gísli svarar að félagið í heild sinni þurfi að vera í hagnaðarskyni fyrir eigendur sína til að falla undir slíkan 'atvinnurekenda-flokk'. SHÍ þyrfti að tikka í töluvert fleiri box til að flokkast sem slíkt félag. Það er í lagi að vera í einhverri fjármögnunarstarfsemi sbr. Björgunarsveitirnar með flugeldasölu. Það breytir kannski ekki miklu að liðurinn sé þarna inni, þetta er í raun árétting.

- b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 12 atkvæðum.

6. Umræður og tillaga að efni í herferð SHÍ (atkvæðagreiðsla) 17:50-18:05

Proposal and discussion on campaign content (voting)

- a. *Umræðurnar einkenndust af því að stúdentaráðsliðar voru samþykktir að MSNM væri gott herferðarefni en að það þyrfti markvissan pól til þess að herferðin myndi skila árangri. Það dugar ekki að biðja ríkið bara um meiri pening. Steinunn bætti þeirri hugmynd við að stúdentar gætu staðið að stórum gjörningi, t.d., efna til stúdentaverkfalls.*

- b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 12 atkvæðum

7. Októberfest og Voffdaga skýrslur kynntar 18:05-18:15

Oktoberfest and Voffdays reports presented

- a. *Rakel Anna fór yfir skýrslurnar sem einnig munu birtast í árskýrslu SHÍ.*

Hlé 18:15-18:25

Intermission

Gleðileg Joe-l



Stúdentaráð Háskóla Íslands

8. Verklagsreglur SHÍ og Siða og jafnréttisreglur SHÍ (atkvæðagreiðsla) 18:25-18:40
*Code of practice of the Student Council and the Student Council's Ethics and Equality rules
(voting)*

- a. Rakel Anna tekur fyrir verklagsreglur fyrst.
- b. Mælendaskrá opin
 - i. *Arent bendir á að það væri gott að fá á hreint (hafa það aðeins skýrar í reglunum) hvort að varafulltrúar megi mæta þvert á svið eins og á Alþingi.*

Rakel Anna er sammála að þetta mætti vera skýrara til að forðast túlkunaratriði. Unnin er sameiginleg breytingartillaga á lið 1.2.2 „Varafulltrúi“ og liðurinn svo borinn til samþykktar eins og sjá má á mynd.

1.2.2 Varafulltrúi

Sérhver aðalfulltrúi í Stúdentaráði tilnefni einn varafulltrúa fyrir sig á kjörfundi. Forfallist varafulltrúi getur varafulltrúi annars stúdentaráðsliða innan sama sviðs og sömu fylkingar komið í hans stað. Varafulltrúi verður að vera á sama sviði og aðalfulltrúi og má ekki vera annar aðalfulltrúi í ráðinu.

- ii. Atkvæðagreiðsla á breytingartillögunni
11 samþykkt, María Rós situr hjá.
 - iii. *Júlíus spyr forseta hvort hún hafi verið bundin verklagsreglum, sem samþykktar voru af seinasta ráði, á sínu starfsári sem forseti stúdentaráðs. Forseti svarar því játandi.*
 - iv. Atkvæðagreiðsla
Einróma samþykkt með 12 atkvæðum.
- c. Siða- og jafnréttisreglur.
 - i. Mælendaskrá opin.
 - ii. Atkvæðagreiðsla
Einróma samþykkt með 12 atkvæðum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

9. Tímalína stórra mála SHÍ – Húsnæðismál 18:40-18:55

An overview on important matters SHÍ - Housing

- a. Rakel Anna fer yfir skýrsluna sem unnin var.

Rakel Anna leggur til að opna mælendaskrá öllum viðstöddum.

Einróma samþykkt með 12 atkvæðum.

10. Tillaga um yfirlýsingu SHÍ varðandi Palestínu og Ísrael (atkvæðagreiðsla) 18:55-19:05

Proposal for SHÍ's statement regarding Palestine and Israel (voting)

- a. Tillöguberar, Guðni, Sigríður, Steinunn og Daniel flytja tillöguna.

*Stúdentaráðsfundur
13. desember 2023*

- T I L L A G A -

Yfirlýsing Stúdentaráðs varðandi Palestínu og Ísrael

Lagt er til að Stúdentaráð fylgi starfsfólki Háskóla Íslands og Landsamtökum íslenskra stúdenta og sendi frá sér yfirlýsingu sem fordæmir stríðsrekstur Ísraels í Palestínu. Sú yfirlýsing skal vera send til stúdenta sem undirskriftasöfnun. Einnig er sóst eftir að Háskóli Íslands lýsi yfir stuðningi við Palestínu opinberlega. Þá skal Stúdentaráð þrýsta á Háskóla Íslands og Félagsstofnun stúdenta að sniðganga Ísrael og alþjóðleg fyrirtæki sem styðja við og hagnast á stríðsglæpum Ísraels.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Starfsfólks háskóla Íslands skrifuðu undir yfirlýsingu til stuðnings Palestínu 13. nóvember síðastliðinn. Landssamtök íslenskra stúdenta hafa einnig gefið frá sér yfirlýsingu og fordæmt aðgerðir Ísraels í Palestínu. Undirrituð telja mikilvægt að Stúdentaráð sendi einnig frá sér yfirlýsingu til að tryggja það að raddir stúdenta við Háskóla Íslands sem vilja sýna afstöðu gegn þjóðarmorði og mannréttindabrotum heyrast.

Til eru innlend sem og alþjóðleg fordæmi að stúdentar láti sig varða um málefni sem snerta þau ekki persónulega, til dæmis voru stúdentar í Frakklandi þeir fyrstu að mótmæla gegn því að fresta starfslokum Frakka; til eru sterkar hefðir í Englandi fyrir „debate clubs“ og í Bandaríkjunum hafa nemendur verið virkustu mótmælendurnir gegn átökunum á botni miðjarðarhafsins. Þar með eru skýr fordæmi fyrir því að Stúdentaráð Háskóla Íslands gefi frá sér yfirlýsingu og efli til undirskriftasöfnunar. Það er eðlilegt að Stúdentaráð stuðli að því að rödd stúdenta sé heyrð og virt, bæði varðandi mál sem gerast innan og utan veggja háskólans er varða mannréttindi og mannlega reisn. Það er gífurlegt afl sem fylgir því þegar fjöldi fólks sýnir opinberan stuðning, sérstaklega með nafni sínu. Stúdentaráð hefur tækifæri hér til að láta raddir stúdenta heyrast. Að láta þannig tækifæri sleppa væri, í ljósi kringumstæða, skammarlegt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Einnig er mikilvægt að Stúdentaráð hvetji Háskólann og háskólasamfélagið til aðgerða sem fordæma stríðsreksturinn og gera Ísrael erfiðara fyrir að halda honum áfram, eins og var gert gegn Rússlandi. Yfirlýsing til stuðnings Palestínu og sniðganga Ísraels er friðsamleg leið til að ná slíkri afstöðu á framfæri.

Daniel Thor Myer, stúdentaráðsliði
Guðni Thorlacius, stúdentaráðsliði
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, stúdentaráðsliði
Steinunn Kristín Guðnadóttir, stúdentaráðsliði

¹Sjá yfirlýsingu hér: <https://fyrirpalestinu.wordpress.com/>

²Sjá yfirlýsingu hér: <https://studentar.is/s/Yfirlýsing-LIS-vegna-strisreksturs-Israel-i-Palestinudocx.pdf>

b. Mælendaskrá opin:

Kristmundur: *Mér líst ótrúlega vel á þetta. Mikilvægt að við nýtum röddina sem við höfum til að þrýsta á Háskólann og FS til að gera það sem við getum í þessu.*

Arent: *Við höfum fengið athugasemdir út á rökstuðning. Engin efnisleg tillaga bara mikilvægt að hafa í huga að rökstuðningur sé rökréttur og að vanda þurfi val á orðum þar sem þetta er mikið hitamál og sent út í nafni Stúdentaráðs.*

Daniel: *Já, við munum velja orð okkar vel.*

Arent: *Hvernig er tímaramminn fyrir þessu? Ástandið er síbreytilegt. Það er mikilvægt að stúdentaráðsliðar fái tíma til að fara yfir þetta.*

Rakel Anna: *Yfirlýsingin verður svo send út til rafrænnar samþykktar þegar hún er til reiðu búin.*

c. Atkvæðagreiðsla

10 Samþykkt, Alex Elí og Júlíus Viggó sitja hjá.

11. Önnur mál 19:05-19:15

Other issues

a. Engin önnur mál

12. Bókfærð mál

Recorded issues



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Hér með tilkynnist að Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir og Máni Þór Magnason segja sig úr Alþjóðanefnd. Sæti þeirra í nefndinni taka Ali Haider Khokhar og Sopuruchi Joseph Agoha

*Kristmundur Pétursson, oddviti Röskvu
23. nóvember 2023*

13. Fundi slitið 19:15

Meeting ends